

Fundargerð

Árið 2024, föstudaginn 28. júní kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir (á Teams), Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 13. maí 2024

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 13. maí 2024.

Fundargerð frá 13. maí 2024 var samþykkt án athugasemda.

2. Sóknaráætlun landshluta 2024

Framlög vegna samstarfsverkefna 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 30. maí 2024, varðandi sóknaráætlana landshluta 2024. Allt frá árinu 2012 hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komið að greiðslu framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra í verkefninu *sóknaráætlunir landshluta*. Framlöggin eru veitt á grundvelli e. liðar 7. gr. reglugerðar 1088/2018 um Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlagið er ætlað að koma til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundarhalda um framkvæmd verkefnisins bæði innan landshluta og í samskiptum við önnur landshlutasamtök og stjórnvöld á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði til að við útreikning framlagsins yrði tekið mið af hækkun neysluverðsvísitölu og launavísitölu fyrir árið 2023. Myndi framlagið fyrir 2024 þá vera um 49,3 m.kr. sem er hækkun um rúmar 1,7 m.kr. miðað við árið 2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 49,3 m.kr. vegna samstarfsverkefna landshlutasamtaka sveitarfélaga árið 2024.

3. Tónlistarframlög

Framlög 2024-2025 – 1.gr.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlög til eflingar tónlistarnáms skólaárið 2024-2025, skv. 2. mgr. 1. gr. reglna um um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi.

Á grundvelli 3. gr. reglnanna ber sveitarfélögum að senda skrá um nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1.gr. Á grundvelli þeirra upplýsinga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni.

Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Fjármagn hvers árs er greitt úr ríkissjóði skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 29. mars 2022. Framlög ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð vegna eflingar tónlistarnáms er 730,1 m.kr. á árinu 2024.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykka áætlun um skiptingu framlaga vegna tónlistarnáms á skólaárinu 2024-2025. Ráðstöfunarfjármagnið er 730,1 m.kr. og samþykkti nefndin að leggja til að 707,1 m.kr. yrði dreift á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

4. Frumvarp um Jöfnunarsjóð og önnur frumvörp er snúa að starfsemi sjóðsins.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir mál, í meðförum Alþingis, er varða Jöfnunarsjóð.

Skattlagning orkumannvirkja

Með frumvarpinu verða lagðar til viðeigandi breytingar á lögum í samræmi við tillögur starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra í júní 2023 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Tillögur starfshópsins, sem kynntar voru í janúar 2024, hafa það markmið að tryggja nærsamfélagi sem fyrst sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinningi

vegna raforkuframleiðslu. Jafnframt verður reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga breytt þannig að sveitarfélög með miklar skatttekjur á íbúa að teknu tilliti til kostnaðar við þjónustu sveitarfélags greiði hluta umframtekna til Jöfnunarsjóðs sem úthluti með almennum hætti til allra sveitarfélaga landsins.

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Fram kom að frumvarp um gjaldfrjálsar skólamáltíðir hafi verið samþykktar á lokadegi þingsins í vor. Lögin gera ráð fyrir að framlög til sveitarfélaga skuli skipt hlutfallslega milli sveitarfélaga eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar skólaárið á undan og greiðist 1. ágúst 2014 til loka árs 2027, að undanskildum júlímánuði ár hvert.

5. Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík

Frestað til næsta fundar.

6. Yfirlit - sérstök verkefni 2023

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til kynningar yfirlit yfir framlög veitt til sérstakra verkefna árið 2023.

Árið 2023 voru veitt framlög vegna sérstakra verkefna að fjárhæð 87.559.457 kr. á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð nr. 1088/2018. Þá voru veitt önnur framlög vegna reksturs grunnskóla skv. 8. gr. reglugerðar nr. 351/20202 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs til rekstrar grunnskóla að fjárhæð 142.457.406 kr. Jafnframt var á árinu 2023 veitt framlög vegna annarra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks á grundvelli reglugerðar nr. 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk samtals að fjárhæð 827.019.219 kr.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

7. Reykjadalur

Samkomulag 2024

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs kynnti drög að nýju samkomulagi við Styrktarfélagamaðra og fatlaðra vegna reksturs Reykjadalssjóðs árið 2024. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að framlag úr sjóðnum nemi 139,8 m.kr. á árinu 2024 en að jafnframt berist Styrktarfélaginu framlag að fjárhæð 43,2 m.kr. í samræmi við samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til

tónlistarnáms frá 29. mars 2022. Aðilar samkomulagsins eru sammála um nauðsyn þess að endurskoða vaktafyrirkomulag starfsfólks sbr. skýrslu ráðgjafa sem unnin var fyrir Jöfnunarsjóð. Breytingar á vaktafyrirkomulagi munu taka gildi næsta ár, 2025.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja samkomulagið fyrir árið 2024.

8. Innra eftirlit

Sveitarfélögin SSH án Reykjavíkur

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Kópavogsbæjar, dags. 10. júní 2024, þar sem vísað er til óafgreidds eldra erindis dags. 9. desember 2021. Óskað er eftir framlagi vegna eftirlits með þjónustu við fatlað fólk fyrir árið 2022 að fjárhæð 11.420.487 kr. og fyrir árið 2023 að fjárhæð 11.070.860 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hafna framlagi fyrir árið 2022 en samþykkja framlag að fjárhæð 11.070.860 kr. fyrir árið 2023.

Bergrisinn

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Bergrisans, dags. 25. júní 2024, þar sem óskað er eftir framlagi vegna innra eftirlits með gæðum þjónustu við fatlað fólk. Óskað er eftir framlagi til eftirfylgdar úrbótaáætlana í kjölfar gæðaúttektar á starfseiningum og vinnu- og virknistöðum á starfsvæði Bergrisans ásamt innleiðingar kröfulýsinga. Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er 12.500.000 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hafna beiðni Bergrisans þar sem um væri að ræða beiðni um framlag vegna eftirfylgni í kjölfar gæðaúttektar en að sjóðurinn hafi einblínt á stuðning vegna vinnu við gæðaúttekt.

9. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Endurnýjun áætlun framlaga ársins 2024

Tekin var fyrir 3. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks árið 2024. Miklar breytingar eru frá 2. áætlun sem skoða þarf nánar. Lagt var til af starfsmanni Jöfnunarsjóðs og samþykkt af ráðgjafanefnd að fresta afgreiðslu áætlunarinnar til næsta fundar nefndarinnar.

Endurskoðun regluverks

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir yfirstandandi vinnu við breytingar á úthlutunarreglum framlaganna. Helstu breytingar í farvatninu eru að hætt verður að reikna framlög á grundvelli kostnaðar og SIS-C mat notað til úthlutunar framlaga fyrir börn. Sérfræðingar hafa verið fengnir til að endurkvarða SIS matið og samræma SIS-C við SIS-A. Gert er ráð fyrir að starfsmenn sjóðsins kynni drög að reglugerðarbreytingu fyrir nefndinni á næsta fundi hennar í ágúst.

10. Fjármál sveitarfélaga

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir fjármál sveitarfélaga með hliðsjón af ársreikningum þeirra 2023. Heilt á litið reyndist niðurstaða ársins 2023 nokkuð betri en undanfarin ár þrátt fyrir að samantekið hafi A-hluti sveitarfélaganna skilað rekstrartapi upp á rúma 1,6 ma.kr.

11. Fasteignasjóður

Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála – Húnabyggð

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Húnabyggðar, dags. 4. júní 2024, þar sem óskað er eftir framlagi vegna úrbóta í aðgengismálum. Um er að ræða framkvæmd við uppsetningu lyftu í Íþróttamiðstöðina á Blönduósi sem er í eigu sveitarfélagsins Húnabyggðar. Heildarkostnaður framkvæmdanna nam 10.069.422 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2023-2024 geti numið 16.284.021 kr. Í samræmi við óskir þjónustusvæðisins hefur eyrnamerktu framlagi verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda. Hluti Húnabyggðar af heildarframlagi sveitarfélagsins Skagafjarðar er þá 2.803.094 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 2.803.094 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Umsókn um framlag úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála – Fjallabyggð

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Fjallabyggðar, dags. 22. maí 2024, þar sem óskað er eftir framlagi vegna úrbóta í aðgengismálum í Ólafsfirði. Um er að ræða framkvæmd við

uppsetningu á hjólastólalyftu í menningarhúsinu Tjarnarborg. Heildarkostnaður framkvæmdanna nam 5.385.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli c. liðar 2. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Fjallabyggðar 2023-2024 geti numið 6.791.278 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.692.500 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Greiðslur í Fasteignasjóð á árinu 2024

Fjárhagsleg staða Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er sterk en eignir sjóðsins 31. desember 2023 námu um 6 ma.kr. þar af eru fjármunir á bankareikningi um 4 ma.kr. og skuldabréfaeign sjóðsins nam um 1,9 ma.kr. Samkvæmt d-lið 13. gr. b. laga um tekjustofna sveitarfélaga eru tekjur Fasteignasjóðs framlag af tekjum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks. Samkvæmt 13. gr. a. skal tekjum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlað fólk að frádregnum kostnaði vegna yfirfærslunnar. Hvorki í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, í reglugerð um framlög í Jöfnunarsjóð vegna þjónustu við fatlað fólk né í reglugerð um Fasteignasjóð er fjallað um hvert framlag Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð skuli vera.

Sökum sterkrar stöðu sjóðsins og að ásókn í framlög til uppbyggingar úrræða hefur verið minna en ráð var fyrir gert í upphafi hefur Jöfnunarsjóður ekki lagt sjóðnum til fjármagn á árunum 2022 og 2023. Í ljósi þess er lagt til að framlag Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð verði 0 kr. á árinu 2024.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu um að framlög Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð verði 0 kr. árið 2024.

12. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk

Framtíðarhópur

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir samkomulag ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var 15. desember 2023, um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk en í 9. gr. gert ráð fyrir stofnun framtíðarhóps. Hópnun, sem skipaður er fulltrúum ríkis og sveitarfélaga, er ætlað að vinna að þróun

og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk til þess að auka gæði og hagkvæmni í þjónustunni. Gert er ráð fyrir að ríki og sveitarfélög muni tímabundið veita fjárframlögum vegna framangreinds kostnaðar. Lagt er til að fjármagn komi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í hækkun framlagsins vegna vinnu framtíðarhópsins.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 13:02.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir